

Nd.

23. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 48 30. júní 1942, um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 7. gr. laganna komi: Enn fremur á styrki þá til einstakra manna, sem veittir eru samkvæmt 13. gr. A. í fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Síðan stríðið hófst, hefur kaupgjald og verðlag í landinu farið síhækkandi, eins og kunnugt er. Fyrir því hafa opinberir starfsmenn fengið verðlagsuppbót á laun sín síðustu missirin.

Með lögum nr. 48 30. júní 1942 er ákveðið, að embættismenn og aðrir starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana skuli fá verðlagsuppbót, er nemi fullri hækkun visitölnunnar, ef launin eru eigi yfir 650 kr. á mánuði.

Enn fremur greiðist samkvæmt sömu lögum verðlagsuppbót á eftirlaun og styrktarfé, sem veitt er samkv. 18. gr. fjárlaga.

Samkvæmt 13. gr. fjárlaga er nokkrum bændum, sem búa á afskekktum bæjum, sem þó eru við þjóðbraut, veittur lítill styrkur til að halda uppi byggð á þeim stöðum og veita ferðamönnum gistingu. Er sá styrkur veittur sökum knýjandi nauðsynjar að halda uppi byggð á þessum stöðum.

Þar sem tilkostnaður þessara manna hefur stórhækkað, eins og allt verðlag í landinu, er óhjákvæmilegt og sjálfsgagt að greiða verðlagsuppbót á styrk þann, sem hér um ræðir, eftir sömu reglum og uppbót er greidd á laun opinberra starfsmanna, enda eðlilegast, þar sem hér er um opinbera þjónustu að ræða að meira eða minna leyti. Þeirri reglu mun þó ekki hafa verið fylgt í framkvæmd enn þá. Frv. þetta mælir svo fyrir, að bændum, sem fá þennan styrk, skuli greidd verðlagsuppbót á hann, eftir sömu reglum, sem fylgt er almennt um launagreiðslur, og miðar að því að leiðrétta það ósamræmi gagnvart öðrum opinberum starfsmönnum og óréttlæti, sem ríkt hefur í framkvæmd um þetta mál.